

## Stýrihópur um framtíðarnýtingu Krýsuvíkursvæðisins

**Fundargerð 8. fundar**, sem haldinn var í Borgartúni 29, í boði Valdimars Svavarssonar hjá Virðingu, 21. janúar 2016 og hófst kl. 12:00.

### **Fundinn sátu:**

Fulltrúar HS Orku – Ásgeir Margeirsson, forstjóri; Guðmundur Ómar Friðleifsson, yfirjarðfræðingur; Kristín Vala Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri Auðlindagarðs; Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri framleiðslu og orkusölu; Reynir Jóhannsson, fjármálastjóri; Ásbjörn Blöndal, framkvæmdastjóri þróunarsviðs og Þór Gíslason, framkvæmdastjóri tækniþjónustu.

Fulltrúar stýrihópsins - Borghildur Sturludóttir, Fjölur Sæmundsson, Kristinn Andersen, Sigríður Björk Jónsdóttir og Valdimar Svavarsson.

### **Kynningar HS Orku**

Kristinn bauð fulltrúa HS Orku velkomna, þakkaði fyrir áhuga fyrirtækisins á verkefni hópsins og ósk þess um að kynna fyrir hópnum hugmyndir HS Orku og eiga samtali um verkefnið. Hann kynnti stýrihópinn og fór yfir það verkefni sem honum hefur verið sett. Að loknum kynningu þátttakenda HS Orku og stuttu spjalli fundarmanna hófu fulltrúar HS Orku flutning kynningararinda.

Ásgeir gerði grein fyrir almennri starfsemi HS Orku. Áhugi á Krýsuvíkursvæðinu sneri ekki eingöngu að orkunýtingu heldur einnig víðtækari starfsemi. Þar nefndi hann sérstaklega starfrækslu auðlindagarðs, sem nærði yfir fjölþætta starfsemi.

Guðmundur Ómar fór yfir jarðfræði svæðisins og sögu tilraunaborana og orkunýtingar þar. Svæðið þurfi að rannsaka betur til að kortleggja orkukosti. Taka þurfi tillit til þess hvernig mismunandi hlutar svæðisins séu flokkaðir í Rammaáætlun.

Kristín Vala kynnti starfsemi Auðlindagarðsins sem byggst hefur upp í grennd við jarðvarmaver HS Orku á Suðurnesjum. Auðlindagarðurinn byggir á sem næst fullnýtingu orku og efna sem þar er unnið með, með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti. Á Krýsuvíkursvæðinu væru tækifæri til þess að byggja upp starfsemi á slíkum grunni. Nánari upplýsingar mætti finna á vefnum

[www.audlindagardurinn.is](http://www.audlindagardurinn.is).

Að loknum þessum kynningum, sem tóku stærstan hluta fundartímans ásamt umræðum, voru málin rædd frekar. Ákveðið var að halda áfram samtali um Krýsuvíkursvæðið samhliða því sem hugmyndir um framtíð þess og nýtingu þróuðust.

Fundi slitið kl. 13:30.

*Sent stýrihóp til samþykktar*